

# Fréttapistill frá forseta Íslands

25. apríl 2020

Í þeirri viku, sem nú er að líða, urðu tímamót í baráttu okkar við veiruna skæðu. Í fyrradag greindist enginn með nýtt smit. Þá hefur enginn látist af hennar völdum frá síðasta sunnudegi. Einum þætti baráttunnar við vágestinn er lokið, sagði sóttvarnalæknir réttilega í dag. Áfram er þó brýnt að vera á verði og beita ráðum sem duga til að vinna bug á veirunni. Enn hvet ég því alla til að fylgja leiðbeiningum og tilmælum okkar einvalaliðs í almanna- og veiruvörnum.

Í mínu lífi hófst vikan með viðtali á Sprengisandi, útvarpsþætti Kristjáns Kristjánssonar. Við ræddum m.a. þá einstæðu daga sem við lifum nú, margt af því sem á daga mína hefur drifið undanfarin ár og væntanlegt forsetakjör. Hægt er að hlusta á viðtalið hér: <https://www.visir.is/.../421798d4-245d-47e0-8625...>

Á mánudaginn var ræddi ég við Unni Önnu Valdimarsdóttur, prófessor í faraldsfræði við Háskóla Íslands, um rannsókn sem hafin er á líðan Íslendinga í skugga veirunnar. Við Eliza njótum þess heiðurs að vera verndarar verkefnisins og hvet ég fólk til að taka þátt í því og auka þannig skilning okkar á afleiðingum farsóttarinnar, okkur sjálfum og næstu kynslóðum til hagsbóta. „Við Íslendingar höfum hér einstakt tækifæri til að skilja betur hvaða þættir hjálpa og hvaða þættir eru íþyngjandi í þessum óvenjulegu aðstæðum,“ segir Unnur í kynningu á rannsókninni. Allar upplýsingar má finna hér: <https://lidanicovid.is/>

Í vikubyrjun sendi ég landstjóra Kanada samúðarkveðjur fyrir hönd íslensku þjóðarinnar vegna skotárásanna í Nova Scotia þar í landi, mannskæðustu árásar af því tagi í sögu landsins.

Á miðvikudaginn var átti ég fjarfund með Sauli Niinistö Finnlandsforseta. Ræddum við meðal annars hvernig og hvers vegna Íslendingum og Finnum hefur tekist tiltölulega vel að verjast farsóttinni.

Hefði allt verið með felldu hefði ég fagnað sumardegnum fyrsta í góðra vina hópi í garðyrkjudeild Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum í Ölfusi. Í ár hefði ég einnig haldið vestur í Búðardal þann dag að fagna opnun Vínlandsseturs, glæsilegs safns um vesturferðir forfeðra okkar og formæðra á söguöld. Þess í stað sendi ég landsmönnum kveðju sem sjá má og lesa hér: <https://www.forseti.is/fr%C3.../2020-04-23-sumarkve%C3%Boja/>. Niðurlagið er á þessa leið:

„Við munum áfram njóta þeirra meginstoða, sem efnahagslífið hvílir á, en nýsköpun þar er mikilvæg sem aldrei fyrr – nýsköpun á öllum sviðum. Þennan dag – sumardaginn fyrsta – má jafnframt muna að það birtir alltaf til. Hvarvetna er fólk tilbúið að leggja sitt af mörkum, fái það tækifæri til að sýna hvað í því býr, hér á höfuðborgarsvæðinu og um land allt. Við búum að því að eiga auðlindir til sjávar, sveita og heiða, við eigum mannauð – hugvit, djörfung og atorku – og við eigum okkar sameiginlegu sögu um líf á þessu landi í meira en þúsund ár.“

Venju samkvæmt var veðrið ekkert sérstakt á sumardaginn fyrsta hér á suðvesturhorni landsins. Í dag brosti sólin hins vegar við okkur og vel viðraði til útiveru. Þótt gott sé að njóta náttúrunnar vil ég hvetja fólk til að virða eftir föngum tilmæli um tveggja metra mannhelgi. Það einsettum við okkur öll sem settum Stóra plokkgdaginn formlega við Landspítalann í Fossvogi (sem hét Borgarspítalinn í mínu ungdæmi). Hress hópur kom þar saman og hreinsaði til við sjúkrahúsið. Síðan tók ég aðeins til hendinni heima við. Plokk er fyrirtaks heilsubót og afþreying, hreinsar umhverfið og hugann jafnvel um leið.

Veiran leggur víða stein í götu fólks. Áformað var að ég ætti í gær fund hér á Bessastöðum með Bárði á Steig Nielsen, lögmanni Færeyja. Ráðamenn þar eiga hrós skilið fyrir skelegg viðbrögð við farsóttinni eins og hér. Í dag fagna Færeyingar fánadegi sínum. Ég sendi þessari ágætu vinaþjóð okkar heillaóskir og læt hér að neðan fylgja táknræna mynd og fallega; börnin við Argjahamarsskóla í Þórshöfn að fagna okkur hjónum í opinberri heimsókn til Færeyja vorið 2017.

Ég þakka ykkur öllum lesturinn og óska ykkur velfarnaðar.